

# Lög

## um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997.

---

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 2. másl. og orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 826.444 þús. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 30 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1999 (236,6 stig).
- b. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr lokamáslíður sem orðast svo: Fasteignaskattur skv. 2. másl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í 90 þús. lesta álframleiðslu á ári.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. apríl 2000.*